

SJÖ SKREFA ÖRORKULÍFEYRISFERLI FRJÁLSA

SKILYRÐI	Þú átt rétt á örorku-lífeyri úr lífeyrissjóði ef skilyrði eru uppfyllt	<ul style="list-style-type: none"> Hafir þú greitt lágmarksiðgjöld í lífeyrissjóð í a.m.k. 24 mánuði, ekki endilega 24 mánuði samfleytt og ekki endilega í sama sjóð allan tímann. Hafir þú orðið fyrir tekjutapi af völdum orkutaps vegna slysa eða veikinda. Ef trúnaðarlæknir metur orkutap 50%* eða meira. Hafi orkutap varað í 6 mánuði. ATH. lífeyrir greiðist ekki vegna fyrstu 3 mánaðanna eftir orkutap.
SKREF 1	Áður en sótt er um í lífeyrissjóði	<ul style="list-style-type: none"> Kanna veikindarétt hjá vinnuveitanda, ef við á. Kanna rétt til greiðslna úr sjúkrasjóðum stéttarféлага, ef við á. Kanna rétt til greiðslna frá Sjúkratryggingum Íslands, ef við á. Kanna rétt til greiðslna úr sjúkdóma- eða slysatryggingu, ef við á. Algengt að óskað sé e. nýju/endurnýjuðu læknisvottorði og staðfest. á að öðrum gr. sé lokið.
SKREF 2	Útvega nýtt læknisvottorð vegna umsóknar um örorkulífeyri úr lífeyrissjóði	<ul style="list-style-type: none"> Útvega lsj. læknisvottorð v. umsóknar um örorkulífeyri hjá heimilislækni/meðhöndlandi lækni. Vottorð til lífeyrissjóða má ekki vera eldra en 3ja mánaða. Læknar/heilsugæsla senda vottorð núorðið gjarna beint með Signet Transfer og skrá þá nafn lífeyrissjóðs sem sótt er um hjá, sem móttakanda skjals. Einnig TR, þegar það á við. Berist vottorð frá lækni skal umsækjandi áframsenda það á utgreiðslur@arionbanki.is
SKREF 3	Sækja um hjá lífeyrissjóðnum sem þú greiddir í síðast	<ul style="list-style-type: none"> Til að draga úr líkum á launalausum tímabilum skal sækja um hjá lífeyrissjóði tímanlega áður en öðrum greiðslum lýkur, þó í fyrsta lagi 4-6 mánuðum eftir orkutap. Sótt er um hjá þeim sjóði sem síðast hefur móttekið iðgjöld þín, óháð dagsetningu orkutaps. Þú gætir klárað umsóknarferlið sjálf/ur, umsókn er að finna á vefsíðu sjóðsins undir umsóknir. Þér er líka velkomið að bóka tíma hjá ráðgjafa í Borgartúni 19, Rvk., hringja í 444 7000 eða senda póst á utgreiðslur@arionbanki.is til að óska eftir aðstoð með umsókn v. sjóðs í vörslu Arion. Afgreiðsla umsóknar getur fyrst hafist þegar vottorð berst og tekur allt að 4 mánuði. Umsókn er send á trúnaðarlækni sjóðsins og á aðra þá lífeyrissjóði sem þú átt örorkurétt í. Fjárhæð lífeyris liggur ekki fyrir fyrir en í skrefi fimm, því þá fyrst liggja nægar forsendur fyrir. Á þessum tímamarki sækja flestir um hjá TR einnig, sumir fá sjúkra- og endurhæfingargreiðslur fyrst og síðar örorkulífeyri. Sjá umfjöllun um TR á baksíðu. Fyrirspurnum er vísað til TR og tr.is.
SKREF 4	Mat á orkutapi	<ul style="list-style-type: none"> Trúnaðarlæknir metur % og upphaf orkutaps út frá vottorði. Hann boðar þig í viðtal, ef við á.
SKREF 5	Greiðslur berast frá lífeyrissjóði ásamt úrskurðarbréfi	<ul style="list-style-type: none"> Eingreiðsla berst þ.e. afturvirk greiðsla vegna þeirra mánaða sem liðið hafa frá upphafi orkutaps. Það er þó ekki greitt v. fyrstu 3ja mánaða e. orkutap og ekki lengra aftur en 2 ár* frá umsókn. Í kjölfarið berast örorkulífeyrisgreiðslur mánaðarlega og eru lífeyrisréttindi eru verðtryggð. Í úrskurði sjást áunnin réttindi á orkutapsdegi ásamt framreiknuðum réttindum, ef við á.
SKREF 6	Oft þarf að gera ráðstafanir í kjölfar eingreiðslu lífeyrissjóða	<ul style="list-style-type: none"> Þú berð ábyrgð á tekjuáætlun þinni hjá TR. Séu greiðslur TR þegar hafnar gæti borist rúkkun frá TR í kjölfar afturvirkra greiðslna úr lífeyrissjóðum. Í reiknivél TR sést hvaða tekjur skerða greiðslur TR. Því réttari sem tekjuáætlun þín er, því minna verður um endurgreiðslur til TR. Þú berð ábyrgð á skattlagningu tekna þinna. Þú gætir þurft að hafa samband við lífeyrissjóði, TR eða aðra launagreiðendur til að raða þeim tekjum sem þú færð á viðeigandi skattþrep. Nýting persónuafsláttar og skattþrepa sést á skatturinn.is/laun og staðgreiðsla en eigi síðar en við álagningu á hverju vori, leiðréttir Skatturinn skatta ársins á undan.
SKREF 7	Lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum geta breyst eða stöðvast	<ul style="list-style-type: none"> Vegna breytinga á tekjum í kjölfar tekjuæfirlits. Samanlagður örorku- og barnalífeyrir skal aldrei vera hærri en sem nemur tekjutapi vegna orkutaps. Lífeyrir lækkar ef aðrar tekjur aukast og greiðslur stöðvast ef ekki er lengur um tekjutap að ræða. Mikilvægt er að kanna hvort svigrúm er milli reiknaðra viðmiðunartekna og lífeyrisgreiðslna áður en sótt er um útgreiðslu séreignar úr lífeyrissjóðum eða uppsafnað orlof vinnuveitanda. Vegna breytinga á orkutapi í kjölfar endurmats lífeyrissjóða. Endurmatsdagsetning sést í úrskurðarbréfi en þegar það berst um 3-4 mán. f. endurmatsdag skal útvega nýtt læknisvottorð v. umsóknar um örorkulífeyri sem fyrst svo greiðslur stöðvist ekki að óþörfu. Greiðslur stöðvast ef þú öðlast starfsorku á ný eða ef orkutap fer undir lágmarksprósentu orkutaps. Vegna aldurs: þegar viðmiðunaráldri sjóðsins er náð - taka eftirlaun við af örorkulífeyri.

*það sem er stjórnumerkt getur verið mismunandi eftir sjóðum, sjá einnig á baksíðu.

ÖRORKULÍFEYRIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR EÐA TRYGGINGASTOFNUN – HVER ER MUNURINN ?

Þeim sem verða fyrir orkutapi er ráðlagt að kanna rétt sinn til greiðslna bæði frá TR og lífeyrissjóðum. Ágætt er að þekkja helsta muninn á TR og lífeyrissjóðum en viðmið og reglur TR og lífeyrissjóða eru ekki endilega eins.

	Tryggingastofnun	Lífeyrissjóðir
Hlutfall orkutaps er ekki endilega metið það sama í % hjá TR og lífeyrissjóðum	Réttur til örorkulífeyris er bundinn því skilyrði að geta umsækjanda til virkni á vinnumarkaði samkvæmt samþættu sérfræðimati sé metin 25% eða minni til langframa v. langvarandi eða alvarlegs heilsubrests eða fötlunar. Samþætt sérfræðimat byggir á þáttum sem lúta að færni, aðstæðum og heilsu umsækjanda í viðum skilningi.	Örorkumat lífeyrissjóða er eingöngu læknisfræðilegt. <ul style="list-style-type: none"> • 50%: skv. lögum er örorkulífeyrir lífeyrissjóða greiddur ef orkutap er 50% eða meira, en sumir greiða v. lægri % s.s.: <ul style="list-style-type: none"> ○ 40%: Brú, LSR (A) og Lífsverk. ○ 10%: LífBank (H), LSA (A), LSBÍ, LsRb, Brú (B), LSR (B).
Mismunandi greiðslur TR og lífeyrissjóða	Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur TR: eru greiddar þar til endurhæfing er fullreynd, hámark í 5-7 ár. TR gerir ekki kröfu um að sótt sé um örorkulífeyri lífeyrissjóða en hins vegar er óskað eftir staðfestingu á að veikindarétti og greiðslu úr sjúkrasjóðum sé lokið, eftir því sem við á. Örorkulífeyrir TR: er ýmist varanlegur hlutaörorkulífeyrir eða örorkulífeyrir eftir að gert hefur verið samþætt sérfræðimat. TR gerir kröfu um að sótt sé um örorkulífeyri lífeyrissjóða samhliða og að endurhæfing sé fullreynd.	Örorkulífeyrir lífeyrissjóða er ýmist metinn tímabundinn eða varanlegur. Í sumum tilvikum fær umsækjandi örorkulífeyri úr lífeyrissjóði þó hann sé enn á sjúkra- og endurhæfingargreiðslum frá TR, þrátt fyrir að TR geri ekki kröfu um að sótt sé um örorkulífeyri lífeyrissjóða fyrr en sótt er um örorkulífeyri TR.
Tekjutengingar TR og lífeyrissjóða eru mismunandi	Í reiknivél á tr.is sést hvaða tekjur skerða greiðslur TR. Varðandi lífeyrissparnað, þá er vakin athygli á því að viðbótarlífeyrissparnaður skerðir ekki örorkulífeyri TR, en hann hins vegar skerðir samanburðargreiðslu tekjulágra einstaklinga með örorkulífeyri með takmörkuð lífeyrisréttindi vegna búsetu erlendis. Lífeyrir lífeyrissjóða og aðrar séreignartegundir lífeyrissjóða skerða hins vegar greiðslur TR. Nánar á tr.is.	Aldrei skal samantagður örorku- og barnalífeyrir lífeyrissjóða vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir vegna örorkunnar. Við mat á tekjumissi er því tekið tillit til tekna sjóðfélaga s.s. atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélaginn nýtur v. örorkunnar. Nánar í samþykktum lífeyrissjóða.

Fyrirvari: ofangreint er skráð samkvæmt bestu vitund og í viðleitni til að varpa ljósi á helstu skref umsækjanda sem orðið hefur fyrir tekjutapi af völdum orkutaps. Vakin er athygli á að nánari upplýsingar fær umsækjandi hjá viðeigandi aðilum s.s. um veikindarétt hjá vinnuveitanda, um sjúkrasjóð hjá stéttarfélagi, um almannatryggingar hjá Tryggingastofnun, um skattamál hjá Skattinum og svo framvegis. Upplýsingar þessar geta tekið breytingum (útgáfa, maí 2026).